

Nr. 059/14 Valdimar GK 195***Skipverji slasast við vinnu í lest***

Skipaskr.nr. 2354 IMO nr. 8302117
Smíðaður: Noregi 1982 stál
Stærð: 344,3 brl. 569 bt.
Mesta lengd: 41,3 m Skráð lengd: 38 m
Breidd: 8,5 m Dýpt: 6,55 m
Vél: Callesen 508 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 14



Valdimar© Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. janúar 2014 var Valdimar GK 195 á línuveiðum í Nesdýpi á NV miðum. Veður: NA 20 m/s og ölduhæð 3 m.

Skipverji var við móttöku afla í lest og stóð í botni kars. Þegar hann hugðist færa til tómt kar kom velta á skipið svo hann rann til, með þeim afleiðingum að hann missti vald á karinu og klemmdist fingur hans þegar karið fór niður í skorður í næstu röð.

Skipverjinn reyndi að vinna áfram en við læknisskoðun kom í ljós að hann var fingurbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að körin sem notuð eru í lestinni rúma 400 lítra og eru nær 60 sm á hæð.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.